

Nd.

707. Nefndarátt

um frumvarp til laga um sölu þjóðjarðanna Helgustaðir og hjáleigunnar Sigmundarhús í Helgustaðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og leyfir sjer að taka fram þessi atriði.

1. Jafnvel þó silfurbergsnáman í Helgustaðafjalli sje undanskilin sölunni og jafnframt alt það silfurberg, sem síðar kynni að finnast í landi Helgustaða, verður nefndin að telja það misráðið að selja þessa jörð. Lítur hún svo á, að það myndi geta valdið ýmsum óþægindum við starfrækslu námanna, ef ekki er sami eigandi að þeim og jörðinni sjálfri. Má í því sambandi benda á nauðsynlegar vatnsveitingar til námanna, byggingu húsa fyrir námamenn, umferð um landið og m. fl.
2. Nefndin leggur engan dóm á það, hvort rjett sje að selja hjáleiguna Sigmundarhús; telur þinginu það óviðkomandi og vísar til þjóðjarðasölulaganna. Af þessum ástæðum ræður nefndin hv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 27. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Jón Jónsson.

Einar Árnason,
framsögum.

Pjetur Þórðarson.

Sigurður Sigurðsson.